

# Sjálfsmat fyrir umsjónarmenn greininga

Tilgangurinn með þessum gátlistum er að hjálpa námsmönnum að átta sig á því hvort þeir hafi náð valdi á þáttum námskeiðsins og þar með þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem þarf til að stýra hæfni-greiningu samkvæmt aðferð FA.

Þannig geta námsmenn með aðstoð gátlistanna komið betur auga á hvaða hæfni þeir þurfa að styrkja og hvaða þekkingu þeir þurfa að efla. Þá geta leiðbeinendur námskeiðs einnig notað listana til að meta árangur þátttakenda og bent á leiðir til frekara náms og færniefingar.

## Settu X við þann reit sem á best við.

- 1 = Á illa við. Þarf að læra frá grunni.
- 2 = Á að nokkru leyti við. Þarf að fá stuðning við að bæta.
- 3 = Á vel við. Get unnið sjálf/sjálfur í að bæta.
- 4 = Á mjög vel við. Get aðstoðað aðra að þessu leyti.

## GÁTLISTI 1 : UNDIRBÚNINGUR OG LYKILGÖGN

Hversu vel/illa á þessi staðhæfing við þína þekkingu/getu/reynslu?	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég þekki umsóknaferlið og þá skilmála sem gilda vegna hæfnigreininga FA og get lýst hvaða áhrif það hefur á starf umsjónarmanns og hvaða ábyrgð og skyldur eru lagðar á hann.</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég get gert grein fyrir hverjir voru helstu áhrifaþættir við þróun aðferðarinnar og hverjar eru helstu faglegar forsendur.</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég þekki innihald kynningarefnis og hverjum það gæti komið að gagni.</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég get útskýrt ferli hæfnigreininga skv. aðferð FA fyrir þeim sem ekki þekkja hana.</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég get sagt frá því hvað þarf að hafa í huga við upphaf greiningarverkefnis og við samsetningu stýrihóps.</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég þekki innihald og skipulag handbókar og veit hvernig ég nýti mér hana við hæfnigreiningar.</li> </ul>				

## GÁTLISTI 2: FYRSTI GREININGARFUNDUR, SKILGREINING STARFS

Hversu vel/illa á þessi staðhæfing við þína þekkingu/getu/reynslu?	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég get lýst helstu atriðum sem hafa þarf í huga á fyrsta fundi í greiningarferlinu.</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég get lýst því hvernig skilgreining starfs er sett fram skv. handbók</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég hef sem almennur þátttakandi tekið þátt í fyrsta fasa hæfnigreiningar (fyrsta greiningarfundi) og get greint frá því hvernig sú reynsla muni nýtast mér í starfi sem umjónarmaður greininga.</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég þekki mun á starfi og stöðu einstaklings og get útskýrt það fyrir öðrum.</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég þekki mun á viðfangsefni (task) og hæfni og get útskýrt það fyrir öðrum.</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég veit hvað átt er við með almennri starfshæfni, hvernig hún var skilgreind og hvaða hæfniþættir falla undir hana.</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég er reiðubúin(n) til að stýra greiningarfundi þar sem viðfangsefnið er að skilgreina starf eins og lýst er í handbók.</li> </ul>				

## GÁTLISTI 3: ANNAR GREININGARFUNDUR, HÆFNKRÖFUR STARFS

Hversu vel/illa á þessi staðhæfing við þína þekkingu/getu/reynslu?	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég get lýst helstu atriðum sem hafa þarf í huga á öðrum fundi í greiningarferlinu.</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég get lýst því hvernig hæfnikröfur starfs eru settar fram samkvæmt fyrirmynd frá FA.</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég hef sem almennur þátttakandi tekið þátt í öðrum fasa hæfnigreiningar og get greint frá því hvernig sú reynsla muni nýtast mér í starfi sem umjónarmaður greininga.</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég þekki mun á almennri starfshæfni og öðrum hæfnikröfum starfsins og get útskýrt hann fyrir öðrum.</li> </ul>				
<ul style="list-style-type: none"> <li>Ég get lýst aðferðinni (ferlinu) við greiningu á hæfnikröfum starfsins og hvað þarf helst að hafa í huga við vinnuna.</li> </ul>				

• Ég þekki aðferðina við að tengja saman viðfangsefni og hæfnipætti (krosstaflan) og skil mikilvægi þess að safna upplýsingum sem gagnast við ritun námslýsingar.				
• Ég er reiðubúin(n) til að stýra greiningarfundi þar sem viðfangsefnið er að greina hæfnikröfur starfs eins og lýst er í handbók.				

#### GÁTLISTI 4: ÞRIÐJI GREININGARFUNDUR, SAMANBURÐUR

Hversu vel/illa á þessi staðhæfing við þína þekkingu/getu/reynslu?	1	2	3	4
• Ég get lýst helstu atriðum sem hafa þarf í huga á þriðja fundi í greiningarferlinu.				
• Ég get útskýrt markmiðið með þriðja fundi í greiningarferlinu.				
• Ég get lýst því hvernig unnið er með spjöld við að ákvarða þrep fyrir þá hæfnipætti sem hafa verið valdir.				
• Ég get lýst aðferð við að yfirfara almenna starfshæfni og draga fram frávik ef einhver eru.				
• Ég get lýst aðferðum við að sætta sjónarmið og fá sameiginlega niðurstöðu frá nokkrum hópum.				
• Ég er reiðubúin að stýra greiningarfundi þar sem viðfangsefnið er að bera saman hæfnikröfur og verkefni starfs eins og lýst er í handbók.				

#### GÁTLISTI 5: ÚRVINNSLA

Hversu vel/illa á þessi staðhæfing við þína þekkingu/getu/reynslu?	1	2	3	4
• Ég get lýst helstu atriðum sem hafa þarf í huga við úrvinnslu samkvæmt handbók og samningi FA og samstarfsaðila um hæfnigreiningar.				
• Ég get skilgreint og lýst hlutverki stýrihóps að verkefni loknu.				
• Ég veit hvar ég get aflað mér frekari upplýsinga og stuðnings vegna hæfnigreininga.				
• Ég veit hvaða gögnum þarf að skila og/eða halda til haga að lokinni greiningarvinnu.				